

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Örfirisey



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Árnason	Staðsetning	356850,845 409700,409

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ekki var gerð athugasemd við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Staðan á mælingum sem kröfur eru um – geymar, lagnir, gufuendurnýting og olíuskiljur
2. Skráningar skv. starfsleyfi, samnýting félaganna á búnaði.
3. Frárennsli stöðvanna - samtenging þróa
4. Sprungur í gasolíuþró
5. VRU dæluskipti og annað viðhald
6. Vinnsla úrgangsolíu- DAP treatment
7. Öryggisskýrsla og neyðaráætlanir
8. Annað

Í eftirliti stöðvarinnar var byrjað á fundi með fulltrúum rekstraraðila og sest yfir gögn sem starfsleyfið gerir kröfu um. Fram kom að botnþykktarmæla skal geyma T0113 og T1048 á árinu allir aðrir geymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum. Á næsta ári detta svo inn 5 geymar sem skal botnþykktarmæla.

Ný lög „bunkeringslög, var þrýstiprófuð í febrúar. Lögnin fær númerið P10210 enda í framhaldi af lögum með sama númer. Aðrar lagnir skal þrýstiprófa á næsta ári.

Olíuskiljur eru með sjálfvirkum viðvörunarbúnaði og eru skynjarar prófaðir reglulega. Olíuskiljur og sandföng nr. 1, 3, 5 og 6 voru hreinsaðar 27. október sl. og skilja nr. 7 var hreinsuð 3. febrúar sl.

Starfsmaður Luveba s.a. tók út gufuendurnýtingarbúnað stöðvarinnar í júní 2016 og næsta skoðun á búnaðinum er í ágúst 2017. Búnaðurinn var í lagi við skoðunina og lítil losun bensingufa. Í apríl sl. var sögdælu í búnaðinum skipt út og engin gufusöfnun var á meðan á því stóð. Framtak ehf. vann verkið en starfsmaður Luveba s.a. kom og var viðstaddur gangsetningu búnaðarins.

Olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Örfirisey er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og var vottunaraðili frá BSI í yfirferð í apríl sl.

Umhverfisstofnun hefur farið fram á að rekstraraðili sækji um breytingar á starfsleyfi sínu vegna vinnslu á úrgangsolíu í Örfirisey. Unnið er að þróun aðferðar þar sem úrgangsolía fer í gegnum endurnýtingarferli í þeim tilgangi að með því hætti hún að vera úrgangur. Sótt var um frest til áramóta til þess að sækja um breytingu á starfsleyfi. Prófanir eru í gangi og hefur rekstraraðili ráðið erlendan sérfræðing til aðstoðar við þróun aðferðarinnar. Umhverfisstofnun hefur samþykkt umbeðinn frest og skal rekstraraðili sækja um breytingu á starfsleyfi sínu fyrir 31. desember 2017.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Öryggisskýrsla, neyðaráætlun og ytri neyðaráætlun fyrir olíubirgðageymslu í Örfirisey hefur í samræmi við reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, nr. 160/2007 verið skilað inn til Vinnueftirlits ríkisins. Gögnin eru í yfirlestri hjá samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði.

Gengið var um stöðina með fulltrúum rekstraraðila og skoðaðar mengunavarnaþrær við geyma. Gasolíuþró er með steinsteyptan botn og eru sprungur komnar í steypuna. Áformað er að fara í steypuviðgerðir á þrónni 2017.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.


ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 31.08.2017



Gottskálk Friðgeirsson